

VÍSINDASTARF
2012
LANDSPÍTALI





Kristján Erlendsson
yfirmáknir á vísinda- og
þróunarsviði

„Próun þekkingar“

Á uppskeruhátíð Vísinda á vordögum er staldrað við og litið yfir nýliðið ár, að þessu sinni árið 2012. Þá er uppskeran borin saman við fyrri ár og reynt að meta hvernig vísindastarf á spítalanum hefur þróast og við hverju megi búast. Um árabíl hefur verið fylgst með árangursvísium, sem helstir hafa verið fjöldi birtra vísindagreina og tilvitnanastuðull, fjöldi doktors- og meistaranema, fjöldi nýrra rannsókna og eftir því sem hægt er, fjöldi og upphæðir utanaðkomandi styrkja. Þótt þetta eftirlitsstarf taki tíma og mannafla, hefur þessi viðleitni algjörlega sannað sig á þessum síðustu árum, þegar niðurskurður hefur verið mikill og álag á klíniskum þjónustudeildum mjög aukid og aðstæður erfiðar. Það hefur verið nauðsynlegt að halda á lofti virkni og afrakstri háskólastarfsins á spítalanum.

Það hefur verið yfirlýst stefna stjórnenda spítalans að vernda vísinda- og menntastarf á LSH. Landspítalinn er jú eina háskólasjúkrahús landsins og ef erfiðleikatímabil nær að ýta mennta- og vísindastarfi til hliðar, þá kemur það beint niður á framtíðarmönnun heilbrigðisstétta landsins alls og samdráttur í vísindastarfi spítalans kemur niður á gæðum

starfseminnar og möguleikum til framþróunar. Þess vegna er starf háskólaspítala samofið daglegu starfi; menntun, vísindi og þjónusta við sjúklinga.



Árið 2011 var fyrsta árið frá 2004 þar sem birtum vísindagreinum hafði ekki fjölgað, heldur fækkað. Heildarfjöldinn minnkaði þó minna en ella, þar sem fjöldi greina sem birtust í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu og Hjartavernd hafði aukist. Það var því eðlilegt að menn óttuðust að nú væri kreppan farin að segja til sín. Á árinu 2012 höfðu menn jafnframt á tilfinningunni að þessi óheillaþróun hefði haldið áfram.

En tölfraeðin er áreiðanlegri en tilfinningin og við blasir nú frábær árangur. Vísindagreinum sem birst hafa í erlendum vísindatímaritum hefur fjölgað úr 238 í 281, innlendum birtingum hefur að vísu fækkað úr 55 í 46 en bókarköflum fjölgað úr 31 í 41! Þá hefur greinum sem koma frá Landspítalanum, að mestu sameiginlegum starfsmönnum LSH og HÍ, utan samstarfs við ÍE og Hjartavernd, fjölgað úr 191 í 243 (sjá myndir). Sennilega eru þetta samt of lágar tölur þar eð við eigum enn nokkuð í land með að starfsmenn okkar merki greinar sínar Landspítalanum!!

Í ljósi þessa árangurs 2012 má halda því fram, að aukning vísindavirkni hafi verið jöfn og stöðug frá 2004 og kreppan hafi engin áhrif haft á þann þátt lögbundinnar starfsemi háskólaspítalans. Sveiflan árið 2011 hafi verið minni háttar og einungis hvatning til að gera betur. Stjórnendum og öllu starfsfólki LSH hefur þannig tekist að vernda mennta- og

vísindahlutverk LSH eins og að var stefnt. Aðrar vísbendingar styðja þessa fullyrðingu. Á árinu 2012 fjölgaði doktorsnemum, sem tengdir eru spítalanum um nálægt 25% og meistaranemum um hartnær 10%. Þá hefur umsóknum um leyfi fyrir nýjum rannsóknum ekki fækkað, sem er annar mælikvarði á stöðuga virkni. Að þessu sinni hefur þó veggspjöldum, sem hengd eru upp í anddyri K-byggingarinnar, fækkað. Það eitt og sér tel ég ekki vera merki minnkandi vísindavirkni, frekar að menn forgangsraði tíma sínum öðruvísi, skrifi frekar greinar en að gera veggspjöld. Fækkun veggspjalda ætti líka að vera áminning um það að kannski ætti að huga að breyttu formi uppskeruhátíðarinnar, eins og oft hefur verið stungið upp á.

Árangur ársins 2012 hefur sýnt að starfsfólki spítalans hefur tekist að viðhalda kröftugri vísindavinnu og bætt raunar myndarlega í. Þar skiptir miklu máli gjöfult og gagnkvæmt samstarf við innlenda og erlenda vísindamenn, að Landspítalinn og Háskóli Íslands hafa á að skipa starfsmönnum sem vinna á báðum stofnunum (sameiginlegir starfsmenn) en ekki hvað síst að í hverjum starfsmanni er inngreipt það sjónarmið, að þótt veikur sjúklingur gangi alltaf fyrir, þá skal fundinn tími til að sinna vísindahlutverki spítalans. Spítalinn hefur þrátt fyrir allt stutt við þetta starf, skapað svigrúm og innviði sem hafa gert þennan árangur mögulegan. Þennan árangur þarf að virða og vernda.



Ávarp	2
Vísindasjóður Landspítala	4
Vísindaráð Landspítala 2012	4
Ársskýrsla	4
Inga Þórsdóttir heiðursvísindamaður Landspítala 2012	5
Sævar Ingbórsson var valinn ungur vísindamaður ársins 2012	5
Hvatningarstyrkir til þriggja sterkra rannsóknarhópa	6
Styrkir til klínískra rannsókna ungra vísindamanna	7
Vísindasjóður Landspítala veitti styrki til 104 verkefna	8
Styrkþegar Vísindasjóðs Landspítala 2012	11
Ársskýrsla Siðanefndar Landspítala 2012	12
Starfsmaður Landspítala sem fékk framgang við Háskóla Íslands árið 2012	14
Starfsmenn Landspítala sem fengu akademiska nafnbót við Háskóla Íslands árið 2012	14
Ársskýrsla Siðanefndar stjórnýslurannsókna	15
Vísindasiðanefnd 2012	16
Yfirlit yfir vísindastörf á Landspítala 2012	19

Yfirlit yfir vísindastörf á Landspítala 2012

Augnlæknisfræði	19	Myndgreining	44	Verkfræðingar	59
Barnalæknisfræði	19	Ónæmisfræði	45	Rannsóknastofa í næringarfræði	59
Bráðalæknisfræði	21	Skurðlæknisfræði	47	Barnahjúkrun	61
Bæklunarskurðlæknisfræði	22	Barnaskurðlækningar	47	Bráðahjúkrun	62
Endurhæfingarlæknisfræði/Sjúkrabjálfun	22	Háls- nef- og eyrnaskurðlæknisfræði	47	Endurhæfingarhjúkrun	62
Sjúkrabjálfun	23	Heila- og taugaskurðlæknisfræði	47	Fjölskylduhjúkrun	63
Fæðinga- og kvensjúkdómafræði	23	Hjarta- og brjóstholsskurðlæknisfræði	47	Geðhjúkrun	64
Meðgöngu- og fæðingafraði	23	Lýtaskurðlæknisfræði	49	Hjúkrun aðgerðasjúklinga	64
Kvensjúkdómafræði	24	Skurðlæknisfræði brjósta, innkirtla og meltingarfæra	49	Hjúkrun langveikra fullorðinna	65
Geðsjúkdómafræði	24	Þvagfæraskurðlæknisfræði	49	Hjúkrunarstjórnun	65
Almenn geðlæknisfræði	24	Æðaskurðlæknisfræði	50	Krabbameinshjúkrun	66
Barna- og unglíngageðlæknisfræði	25	Svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði	50	Kynheilbrigði	66
Sálarfræði	25	Sýklafræði	50	Skurð-, svæfinga- og gjörgæsluhjúkrun	67
Krabbameinlæknisfræði	28	Sýklafræði	51	Upplýsingatekni í hjúkrun	67
Lífefna- og sameindalíffræði	29	Veirufraði	51	Öldrunarhjúkrun	67
Líffærameinafræði / réttarlæknisfræði	30	Taugasjúkdómafræði	51	Fæðingarhjálp	68
Lyflæknisfræði	32	Öldrunarlæknisfræði	52	Meðgönguvemd	68
Blóðfræði	32	Blóðbankinn	53	Umönnun í sængurlegu	68
Gigtarlæknisfræði	34	Eðlisfræðingar	54	Skrifstofa framkvæmdastjóra fjármálasviðs	68
Hjartalæknisfræði	36	Félagsráðgjafar	54	Skrifstofa forstjóra	69
Húð- og kynsjúkdómalæknisfræði	38	Geislafræðingar	54	Skrifstofa framkvæmdastjóra hjúkrunar	69
Innkirtlalæknisfræði	38	Iðjuþjálfun	55	Skrifstofa framkvæmdastjóra lækninga	70
Lungnalæknisfræði	40	Lyfjafraðingar	55	Skrifstofa framkvæmdastjóra mannauðssviðs	70
Meltingarlæknisfræði	42	Náttúrufræðingar	55	Skrifstofa vísinda-, mennta- og nýsköpunarsviðs	70
Nýrnalæknisfræði	43	Sálgæsla presta og djákna	58		
Smitsjúkdómalæknisfræði	44	Talmeinafræðingar	59		

Vísindasjóður Landspítala

Vísindasjóður Landspítala er rannsóknarsjóður, sem árlega veitir um það bil 70 milljónum króna í rannsóknarstyrki til starfsmanna spítalans. Vísindasjóður var formlega stofnaður á árinu 2000 við sameiningu vísindasjóða Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur og voru fyrstu styrkveitingar úr sjóðnum á árinu 2002. Stjórn Vísindasjóðs ákveður hverjir fá styrki úr sjóðnum, með hliðsjón af umsögnum frá Vísindaráði LSH.

Styrkir eru veittir einu sinni á ári og eru afhentir á vísindadögum að vori.

Stjórn vísindasjóðs árið 2012 skipuðu:

Björn Zoëga forstjóri, sem jafnframt er formaður
Gísli H. Sigurðsson yfirlæknir og prófessor
Herdís Herbertsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Kristján Erlendsson framkvæmdastjóri vísinda-, mennta- og nýsköpunarsviði
Rúnar Bjarni Jóhannsson deildarstjóri

Ný stjórn Vísindasjóðs var skipuð í mars 2013 og hana skipa: Björn Zoëga forstjóri sem jafnframt er formaður
Gísli H. Sigurðsson yfirlæknir og prófessor
Ólafur Baldursson framkvæmdastjóri lækninga
Rúnar Bjarni Jóhannsson deildarstjóri
Sigríður Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar

Vísindaráð Landspítala 2012

Vísindaráð er framkvæmdastjórn og vísinda- og þróunarsviði til ráðgjafar um vísindastefnu og vísindastarf á sjúkrahúsinu og þróun heilbrigðisvísinda. Vísindaráð er til ráðgjafar við veitingu styrkja og viðurkenninga fyrir vísindastörf á spítalanum. Árlega eru haldnir vísindadagar, Vísindi á vordögum, þar sem vísindaniðurstöður eru kynntar fyrir starfsfólki spítalans, fræðimönnum og almenningi. Einnig eru veitt verðlaun til vísindamanna og styrkir veittir úr Vísindasjóði Landspítala.

Vísindaráð LSH er skipað sjö mönnum til fjögurra ára og var síðast skipað í það í ársbyrjun 2010. Verkefnastjóri Vísindaráðs er Sigríður Sigurðardóttir, vísinda- og þróunarsviði.

Vísindaráð skipa:

Gísli H. Sigurðsson læknir (formaður), tilnefndur af læknaáði

Herdís Sveinsdóttir hjúkrunarfræðingur (varaformaður), tilnefnd af hjúkrunarfræðideild HÍ

Gunnar Guðmundsson læknir, tilnefndur af læknaeild HÍ

Halldór Jónsson jr. læknir, tilnefndur af læknaeild HÍ

Ingibjörg Hjaltadóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af Hjúkrunarráði

Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur, tilnefndur af forstjóra LSH (Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur var staðgengill Jóns hluta ársins)

Þórarinn Guðjónsson náttúrufræðingur, tilnefndur af forstjóra

Varamenn

Einar Stefán Björnsson læknir, tilnefndur af læknaeild HÍ

Guðrún Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarfræðideild HÍ

Hannes Petersen læknir, tilnefndur af læknaeild HÍ

Helga Sif Friðjónsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af Hjúkrunarráði

Inga Þórsdóttir næringarfræðingur og hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af forstjóra LSH

Magnús Gottfreðsson læknir, tilnefndur af læknaáði

Þórður Helgason heilbrigðisverkfræðingur, tilnefndur af forstjóra LSH

Ársskýrsla

Vísindi á vordögum voru að þessu sinni haldin 25. Apríl.

Aðalfyrirlesari að þessu sinni var Þorvarður Jón Löve læknir og fyrirlestur hans var „Leitargrunnar – Frá rafrænni sjúkaskrá til vísindarannsóknna“.

Heiðursvísindamaður ársins að þessu sinni var Inga Þórsdóttir. Ungur vísindamaður ársins var Sævar Ingbórsson náttúrufræðingur og doktorsnemi og héldu þau bæði erindi.

Veggspjaldasýning var haldin í K-byggingu. Hún var opnuð 25. apríl og stóð í viku. Þar kynntu vísindamenn á LSH verkefni sín og alls voru sýnd 130 veggspjöld.

Á árinu barst 153 styrkumsóknir til Vísindasjóðs. Vísindaráð hafði umsjón á mati umsókna og alls voru á árinu veittir 115 styrkir, samtals 73 milljónir króna, við þrjár úthlutanir:

Almennir vísindastyrkir: Á vísindadögum 28. apríl voru veittir 104 vísindastyrkir. Samtals 50 millj.kr.

Hvatningarstyrkir til sterkra rannsóknahópa sem þegar hefðu öðlast alþjóðlega viðurkenningu. Þrír styrkir voru veittir 3. desember, samtals 15 milljónir kr.

Styrkir til ungra vísindamanna: 19. desember voru veittir 8 styrkir til ungra starfsmanna sem stunda klínískar rannsóknir.



Á myndina vantar Gunnar Guðmundsson og Ingibjörgu Hjaltadóttur

Inga Þórsdóttir heiðursvísindamaður Landspítala 2012

Inga Þórsdóttir var valin heiðursvísindamaður Landspítala árið 2012. Inga er afkastamikill vísindamaður á sviði næringarfræði og hefur ritað fjölda greina í alþjóðleg, ritrýnd tímarit sem mikið er vitnað í, bókarkafli og ágríp, auk þess að vera virk í fyrirlestrahaldi. Hún er forstöðumaður næringarstofu Landspítala og rannsóknarstofu í næringarfræði við Landspítala og Háskóla Íslands, prófessor við Háskóla Íslands og deildarforseti matvæla- og næringarfræðideildar heilbrigðisvísindasviðs.

Inga lauk BSc prófi í hjúkrunarfræði, Háskóla Íslands 1980. Næringarfræðingjafpróf, Gautaborgarháskóla 1986. Doktorspróf í næringarfræði frá Gautaborgarháskóla í Svíþjóð árið 1989.

Forstöðumaður næringarstofu og rannsóknarstofu í næringarfræði frá árinu 1995. Prófessor við raunvísindadeild matvæla- og næringarfræðiskorur Háskóla Íslands 1997-2008.

Deildarforseti matvæla- og næringarfræðideildar heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands á árunum 2008-2012.

Í norrænum stýri- og sérfræðingahópi til að ráðleggja um næringarefni 1996, 2004, 2012.

Í stjórn FENS "Federation of European Nutrition Societies" 2011-
Formaður mannelisráðs um árabíl, í vísinda- og tækniráði o.fl.

Inga er aðalleiðbeinandi og meðleiðbeinandi fjölda meistara- og doktorsnema. Hún hefur verið heiðruð fyrir vísindastörf sín og m.a. hlotið Fjöregg Matvæla og næringarfræðifélags Íslands, verið heiðruð á Landspítala og hlotið Ásu Wright verðlaunin. Inga var einn af þremur vísindamönnum Landspítala sem hlutu hvatningarstyrki LSH sem veittir voru haustið 2011.

Hún hefur fengið fjölmarga rannsóknastyrki s.s. frá Evrópusambandinu (5. og 6. RÁ-RD, SANCO, Leonardo), frá samnorrænum sjóðum (NordForsk og NiCe) og Íslenskum sjóðum.

Inga Þórsdóttir er í ritnefndum alþjóðlegra vísindatímarita s.s. Acta Paediatrica, Public Health Nutrition og Annals of Nutrition and Metabolism. Hún er eða hefur verið í stjórn alþjóðlegra samtaka á sviði næringarfræði og vísinda, verkefnastjóri alþjóðlegra vísindaverkefna og umsjónarmaður alþjóðlegra ráðstefna. Inga er meðal annars umsjónarmaður norrænnar næringarfræðiráðstefnu sem verður á Íslandi í júní 2012.



Sævar Ingbórsson var valinn ungur vísindamaður ársins 2012

Ungur vísindamaður ársins 2012 á Landspítala er Sævar Ingbórsson, líffræðingur og doktorsnemi.

Sævar er fæddur árið 1981. Hann lauk BS prófi í líffræði frá raunvísindadeild Háskóla Íslands árið 2006 og meistaraþrófi í líf- og læknávisindum frá læknadeild Háskóla Íslands 2008.

Hann hóf doktorsnám í líf- og læknávisindum við læknadeild Háskóla Íslands árið 2009 og starfar á rannsóknarstofu í stofnfrumufræðum sem rekin er af Magnúsi Karli Magnússyni prófessor og Þórarni Guðjónssyni dósent.

Heiti rannsóknaverkefnis: Hlutverk sprouty próteina í stjórn EGFR boðleiða í brjóstapækjufrumum.

Markmið verkefnisins er að rannsaka hlutverk og samskipti Sprouty-2 við EGFR týrósin kínasa viðtaka fjölskylduna í greinóttí formgerð brjóstskirtilsins og kortleggja áhrif yfirtjáningar og sívirkar tjáningar viðtakanna í framþróun æxlisvaxtar í brjóstskirtli. Í rannsóknunum er notast við þrívið frumuræktunarlíkön og frumulínur, bæði úr heilbrigðum vef og krabbameinsvef, ásamt frumulínu með stofnfrumueiginleika.

Samhliða rannsóknum sínum hefur Sævar leiðbeint íslenskum og erlendum nemum sem koma á rannsóknastofuna í styttri verkefni, ásamt kennslu í vefjafræði við læknadeild Háskóla Íslands.

Sævar hefur hlotið rannsóknastyrki, m.a. frá Rannis, Háskóla Íslands, Landspítala og Göngum saman.



Hvatningarstyrkir til þriggja sterkra rannsóknarhópa

Þrjú fimm milljóna króna hvatningarstyrkir voru veittir úr Vísindasjóði Landspítala við athöfn í Hringstal 3. desember 2012. Meðal viðstaddra voru Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra og Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra. Þetta er í þriðja sinn sem styrkir af þessu tagi eru veittir á spítalanum en þeir bjóðast aðeins sterkum rannsóknarhópum á spítalanum sem þegar hafa öðlast alþjóðlega viðurkenningu. Alls bárust 11 umsóknir að þessu sinni. Forystumenn rannsóknarhópanna tóku við styrkjunum og kynntu rannsóknir sínar. Þær snúa að gáttatífi, hugrænni atferlismeðferð við kvíða og þunglyndi og stofnfrumum í þekjuvef brjóstkirtils.

Dr. Davíð O. Arnar yfirlæknir og klínískur prófessor

Hjartadeild, lyflækningasviði Landspítala Gáttatífi; forspárþættir framrásar, afleiðingar og erfðabreytileikar

Samstarfsmenn: Hrafnhildur Stefánsdóttir lækni og doktorsnemi, Háskólanum í Iowa og Háskóla Íslands. Vilmundur Guðnason læknir, Hjartavernd og Háskóla Íslands. Thor Aspelund tölfraeðingur, Hjartavernd og Háskóla Íslands. Lenore Launer faraldsfræðingur, NIH. Sigurður Sigurðarson geislafræðingur, Hjartavernd og Háskóla Íslands. Maríaanna Garðarsdóttir læknir. Ingibjörg Kristjánsdóttir deildarlæknir. Haukur Hjaltason læknir. Daniel Guðbjartsson tölfraeðingur, ÍE. Kári Stefánsson læknir, ÍE og Háskóla Íslands. Hilma Hólm læknir,

Heilbrigðisst. Suðurlands og ÍE. Guðmundur Þorgeirsson læknir, Dan Roden læknir, Vanderbilt-háskóla. Dawood Darbar læknir, Vanderbilt-háskóla. Maja Lisa Löchen læknir, háskólanum í Tromsø. Christopher Piorkowski læknir, háskólanum í Leipzig. Gerhard Hindricks læknir, háskólanum í Leipzig. Guðrún Skúladóttir líffefnafræðingur, Háskóla Íslands. Ólafur Skúli Indriðason læknir. Runólfur Pálsson læknir. Bjarni Torfason læknir. Lára Björgvinsdóttir meistaranemi, Háskóla Íslands. Robert G. Metcalf læknir, háskólanum í Adelaide, Ástralíu. David Hougaard læknir, Statens Serum Institute. Kristín Skogstrand líffefnafræðingur, Statens Serum Inst.

Dr. Jón Friðrik Sigurðsson yfirsálfræðingur og prófessor

Geðsviði Landspítala
Virkir þættir meðferðar í ósérhæfðri hugrænni atferlismeðferð við kvíða og þunglyndi

Samstarfsmenn: Paul M. Salkovskis, prófessor, Háskólinn í Bath, UK. Engilbert Sigurðsson, yfirlæknir, Landspítala og Háskóla Íslands. Magnús Blöndahl Sighvatsson, sálfræðingur og doktorsnemi, Landspítala. Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur og doktorsnemi, Landspítala. Brynjar Halldórsson, sálfræðingur og doktorsnemi, Háskólinn í Bath. Þórður Örn Arnason, sálfræðingur og doktorsnemi, Stokkhólmsháskóli. Baldur Heiðar Sigurðsson, sálfræðingur, Landspítala og Háskóla Íslands. Heiðís B. Valdimarsdóttir

sálfræðingur, Læknaskólinn í Mount Sinai, USA og Háskólinn í Reykjavík. Hjalti Jónsson, sálfræðingur, Háskólinn í Árósum, Danmörk. Fanney Þórsdóttir, sálfræðingur Háskóla Íslands. Pétur Tyrfingsson, sálfræðingur, Landspítali og Háskóla Íslands.

Dr. Þórarinn Guðjónsson náttúrufræðingur og prófessor

Blóðmeinafræðideild, rannsóknarsviði Landspítala
Stofnfrumur í þekjuvef brjóstkirtils og hlutverk þeirra í greinóttri formyndun og bandvefsumbreytingu

Samstarfsmenn: Magnús Karl Magnússon, læknir og prófessor, Rannsóknastofu í blóðmeinafræði. Bjarni Agnarsson, læknir og prófessor, Rannsóknastofu í meinafræði.

Kristján Skúli Ástgeirsson, læknir og lektor, skurðlækningasvið. Jón Gunnlaugur Jónasson, læknir og prófessor, Rannsóknastofa í meinafræði. Ole William Petersen, læknir og prófessor, Kaupmannahafnarháskóli, Department of Anatomy at Panum Institute. Gunhild Mælandsmo, prófessor, frumulíffraeðingur, Radium Hospital Olsó, Dept. of Tumor Biology Institute of Cancer Research, Oslo University Hospital. Dean Mosher læknir og prófessor, University of Winsconsin, Dept. of Biomolecular Chemistry. Eiríkur Steingrímsson prófessor, Háskóla Íslands.



Ljósmynd: Gisli H. Sigurðsson, formaður vísindaráðs Landspítala, Magnús Blöndahl Sighvatsson, sálfræðingur og doktorsnemi, sem tók við styrknum fyrir hönd Jóns Friðriks Sigurðssonar, yfirsálfræðings og prófessors, Davíð O. Arnar, yfirlæknir og klínískur prófessor, Þórarinn Guðjónsson, náttúrufræðingur og prófessor, og Björn Zoëga, forstjóri Landspítala.

Styrkir til klínískra rannsókna ungra vísindamanna

Átta ungir vísindamenn á Landspítala fengu styrk úr Vísindasjóði Landspítala til klínískra rannsókna við athöfn í Hringstal 19. desember 2012. Hver styrkur nam einni milljón króna. Vísindamennirnir ungu kynntu rannsóknir sínar með stuttum erindum.

Anna Bryndís Einarsdóttir deildarlæknir

Meðumsækjandi: Elías Ólafsson yfirlæknir og prófessor
Rannsókn: Óútskýrður skyndidaudi hjá flogaveikum
Aðrir samstarfsmenn: Hannes Blöndal prófessor emeritus. Ólafur Sveinsson taugalæknir, Karolinska sjúkrahúsið, Stokkhólmi.

Guðrún Dóra Bjarnadóttir deildarlæknir og doktorsnemi

Meðumsækjandi: Magnús Haraldsson geðlæknir og dósent
Rannsókn: Notkun methýlenidats í æð meðal íslenskra vímuefnaneytenda
Aðrir samstarfsmenn: Andrés Magnússon yfirlæknir og klínískur prófessor, geðsvið, leiðbeinandi. Bjarni Össurarson geðlæknir og aðjúnt. Engilbert Sigurðsson, yfirlæknir og prófessor, geðsvið. Steinn Steingrímsson læknir, Sahlgrenska sjúkrahúsið, Gautaborg. Helena Bragadóttir hjúkrunarfræðingur, fíknideild, geðsvið.

Paolo Gargiulo verkfræðingur

Meðumsækjandi: Halldór Jónsson jr. yfirlæknir og prófessor
Rannsókn: Áhættugreining á lærbeinsbroti við og eftir heildarmjaðmarliðaskipti
Aðrir samstarfsmenn: Jan Tribel bæklunarlæknir, skurðlækningsvið. Gígja Magnúsdóttir og Grétar Halldórsson sjúkrapjálfarar, lyflækningsvið. Þróstur Pétursson og Benedikt Magnússon verkfræðingar.

Sigríður Birna Elíasdóttir deildarlæknir

Meðumsækjandi: Viðar Örn Eðvarðsson sérfræðilæknir og dósent
Rannsókn: Undirliggjandi ástæður háþrýstings og merki um markliffæraskemmdir hjá 9 ára gömlum íslenskum börnum
Aðrir samstarfsmenn: Sandra Dis Steinþórsdóttir deildarlæknir, lyflækningsvið. Ólafur Skúli Indriðason lyf- og nýrnalæknir, lyflækningsvið. Runólfur Pálsson yfirlæknir og dósent, lyflækningsvið. Hróðmar Helgason barnalæknir og klínískur dósent, kvenna- og barnasvið Barnaspítali Hringstans, grunnskólar, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og Hjartavernd.

Sigurður James Þorleifsson deildarlæknir

Meðumsækjandi: Gunnar Guðmundsson, aðstoðaryfirlæknir og dósent
Rannsókn: Lungnatrefjun á Íslandi
Aðrir samstarfsmenn: Helgi Ísaksson meinafræðingur, Rannsóknarstofa í líffærameinafræði. Þórarinn Guðjónsson líffræðingur og prófessor, Rannsóknarstofa í stofnfrumfræðum. David A Schwartz yfirlæknir, Coloradoháskóli.

Una Bjarnadóttir lífefnafræðingur

Meðumsækjandi: Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir og prófessor
Rannsókn: Hlutverk ósérhæfða ónæmiskerfisins og Bláa Lóns efna á sérhæfingu T-frumna
Aðrir samstarfsmenn: Ása Brynjólfssdóttir rannsókn- og þróunarstjóri Bláa Lónsins. Bárður Sigurgeirsson húðsjúkdómalæknir, aðjúnt, Húðlæknastöðin, Háskóla Íslands, Elin Soffía Ólafsdóttir prófessor, lyfjafræðideild Háskóla Íslands, Jón Hjaltalín Ólafsson húðsjúkdómalæknir, dósent, Húðlæknastöðin, Háskóla Íslands, Jóna Freysdóttir náttúrufræðingur og prófessor Rannsóknastofa í gigtjúkdómum og ónæmisfræðideild. Michael Kalos dósent, Pennsylvaníuháskóli.

Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur

Meðumsækjandi: Brynjólfur Mogensen yfirlæknir og dósent
Rannsókn: Áhrif efnahagshrunins á Íslandi á dánartíðni, sjúkdómstíðni og sjálfsskaða
Aðrir samstarfsmenn: Arna Hauksdóttir lektor, Miðstöð í lyðheilsuvísindum, Háskóla Íslands. Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri, bráðasvið. Páll Matthíasson framkvæmdastjóri, geðsvið. Unnur A. Valdimarsdóttir dósent, Háskóla Íslands, Vilhjálmur Rafnsson læknir og prófessor, Háskóla Íslands.

Össur Ingi Emilsson, deildarlæknir og doktorsnemi

Meðumsækjandi: Þórarinn Gíslason, yfirlæknir og prófessor
Rannsókn: Tengsl vélindabakflæðis að nóttu við öndunarferasjúkdóma og kæfisvefn
Aðrir samstarfsmenn: Christer Janson læknir, Akademíska sjúkrahúsið í Uppsöllum. Bryndís Benediktsdóttir læknir og dósent, lyflækningsvið. Einar Stefán Björnsson yfirlæknir og prófessor, lyflækningsvið. Sigurður Júlíusson. háls-, nef- og eyrnalæknir, skurðlækningsvið. Anna-Carin Olin læknir, Sahlgrenska sjúkrahúsið, Gautaborg. Ísleifur Ólafsson yfirlæknir og klínískur dósent, rannsóknarsvið.



Vísindasjóður Landspítala veitti styrki til 104 verkefna

Afbrigðileg tjáning gena og próteina hjá sjúklingum með bólgusjúkdóma í meltingarvegi. Einar S. Björnsson, George Segal, Andrew Smith, Philip Smith.

Afdrif og horfur sjúklinga með mjaðmarbrot. Sigurbergur Kárason, Gísli H. Sigurðsson, Jóhanna M. Sigurjónsdóttir, Kristófer A. Magnússon, Yngvi Ólafsson, Brynjólfur Mogensen.

Andleg liðan og svefnleysi meðal kæfisvefnssjúklinga. Tíðni, tengsl sjúkdóma og áhrif á meðferðaheldni. Jón Friðrik Sigurðsson, Erla Björnsdóttir, Bryndís Benediktsdóttir, Þórarinn Gíslason.

Asablæðing í kjölfar fæðingar. Ragnheiður I. Bjarnadóttir, Þóra Steingrimsdóttir, Sveinn Guðmundsson, Anna Lilja Gísladóttir, Friða Guðný Birgisdóttir.

Áhrif fjárhagsörðugleika á þunglyndi hjá íslensku þjóðinni. Jón Friðrik Sigurðsson, Helga Berglind Guðmundsdóttir, Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, Daniel Þór Ólason.

Áhrif kítín fáliða á sérhæfingu THP-1 áfrumna og viðloðunargetu æðapelsfrumna. Ólafur E. Sigurjónsson, Pétur Henry Petersen, Steinunn Guðmundsdóttir.

Áhrif langtímanotkunar prótón pumpu hemla á gastrín örvin eftir máltíð. Einar S. Björnsson, Hólmfríður Helgadóttir, Magdalena Sigurðardóttir, David Metz.

Áhrif líkamlegrar og andlegrar áreynslu á streitusvörun og boðefnamyndun hjá vefjagigtarsjúklingum. Arnór Víkingsson, Jóna Freysdóttir, Rafn Benediktsson, Eggert Birgisson, Sigrún Baldursdóttir, Praut ehf.

Áhrif natalizumab (Tysabri) á vitsmunastarf, þreytu, þunglyndi og stjórnumarfærni fólks með MS-sjúkdóminn. Sólveig Jónsdóttir, Elías Ólafsson, Haukur Hjaltason, Sóley Þráinsdóttir.

Áhrif ómega-3 fitusýra á hjöðnun bólgu. Arnór Víkingsson, Jóna Freysdóttir, Ingibjörg Harðardóttir.

Áhrif ónæmisglæða á kímstöðvafrumur og áfrumur nyburamúsa. Ingileif Jónsdóttir, Stefania P. Bjarnarson, Hreinn Benónísson.

Áhrif thrombinhemla og Xa-hemla á Fiix storkupróf; in vitro rannsókn. Páll Torfi Önundarson, Brynja R. Guðmundsdóttir.

Áhrif upphafsmeðferðar warfaríns á Fiix prothrombin tíma (Fiix-INR) og hraða þróunar fullrar blóðþynningar. Páll Torfi Önundarson, Brynja R. Guðmundsdóttir, Davíð O. Arnar, Hallgerður Bjarnfreðsdóttir.

Áhrif útdráttá og þátta úr sjávarlífverum á þroskun angafrumna, leit að lyfjasprotum. Jóna Freysdóttir, Arnór Víkingsson, Ingibjörg Harðardóttir, Sesselja Ómarsdóttir.

Áhættugreining á lærbeinsbroti við og eftir heildarmjaðmarliðaskipti. Halldór Jónsson jr., Paolo Gargiulo, Jan Tribel, Gígja Magnúsdóttir, Grétar Halldórsson, Egill Axfjörð, Próstur Pétursson, Benedikt Magnússon.

Árangur opinna hjartaaðgerða á Íslandi. Tómas Guðbjartsson, Martin Ingi Sigurðsson, Þórarinn Arnórsson, Sólveig Helgadóttir, Ragnar Danielsen, Ólafur Skúli Indriðason, Sveinn Guðmundsson, Gísli H. Sigurðsson.

Árangur skurðaðgerða við lungnakrabbameini á Íslandi 1986-2007. Steinn Jónsson, Tómas Guðbjartsson, Helgi Ísaksson, Andri Wilberg Orrason, Kristján Baldvinsson, Húnbogi Þorsteinsson.

Blóðhlutagjafir á íslenskum gjörgæsludeildum. Gísli H. Sigurðsson, Karl Erlingur Oddason, Tómas Guðbjartsson, Sigurbergur Kárason, Sveinn Guðmundsson, Kári Hreinsson.

Blóðruhálskirtilskrabbamein – samanburður á íslensku og dönsku þýði. Eiríkur Jónsson, Inga Jóna Ingimarsdóttir, Helgi Sigurðsson, Laufey Tryggvadóttir, Klaus Brasso, Gerda Engholm, Hans H. Storm, Peter Iversen.

Boðleiðir til MITF í sortuæxlum og áhrif þess á horfur sjúklinga. Gunnar Bjarni Ragnarsson, Christine Grill, Eiríkur Steingrímsson, Bjarni Agnarsson, Laufey Tryggvadóttir, Hrafnkell Kárason, Rósa Björk Barkardóttir, Guðrún Jóhannesdóttir.

Bráð blóðstorkubilun: Faraldsfræði, erfðaþættir og greiningarpróf. Gísli H. Sigurðsson, Martin Ingi Sigurðsson, Páll Torfi Önundarson, Brynja R. Guðmundsdóttir, Kristinn Sigvaldason, Hilma Hólm.

Bráð nýrnabilun meðal sjúklinga á bráðamóttöku LSH. Ólafur Skúli Indriðason, Ingibjörg Kristjánsdóttir, Runólfur Pálsson.

Breytingar á burðargetu sköflungs kindna við ígræðslu lífvirkra styrkinga. Paolo Gargiulo, Halldór Jónsson jr., Sigurður Brynjólfsson, Craig Maxwell.

D vitamin búskapur hjá heilbrigðisstarfsfólki á svæfinga og gjörgæsludeild LSH í lok vetrar. Gísli H. Sigurðsson, Sigurbjörg Skarphéðinsdóttir, Kirk Hakan, Douglas Coursin.

Eftirgæsla sjúklinga eftir útskrift af gjörgæsludeild: Framsýn samanburðarrannsókn. Gísli H. Sigurðsson, Rannveig J. Jónasdóttir, Helga Jónsdóttir, Lovísa Baldursdóttir, Ólöf Ragna Ámundadóttir, Kristinn Sigvaldason, Gunnhildur Davíðsdóttir, Ólöf S. Sigurðardóttir.

Einkenni á síðustu 24 klst. lífs: Samanburður á skráningu algengra einkenna og meðferð þeirra hjá sjúklingum með krabbamein og sjúklingum með aðra sjúkdóma. Svandís Íris Hálfánardóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Kristín Lára Ólafsdóttir.

Endurnýting gagna til að auka sýnileika á framlagi hjúkrunar til bættrar útkomu sjúklinga. Ásta St. Thoroddsen, Hanna Kristín Guðjónsdóttir, Elín J.G. Hafsteinsdóttir.

Eru afbrigðileg ónæmissvör í kverkeiulum orsakabáttur sóra? Helgi Valdimarsson, Sigrún Laufey Sigurðardóttir, Andrew Johnston, Ragna Hlín Þorleifsdóttir.

Eru öldrunarsjúkdómar og/eða lyfjameðferð þeirra áhættuþættir fyrir ellihrórunin í augnbotnum? Friðbert Jónasson, Mary Frances Cotch, Ársæll Arnarsson, Vilmundur Guðnason.

Evrópukönnunin Lungu og Heilsa - 20 ára eftirfylgd. Þórarinn Gíslason, Bryndís Benediktsdóttir, Davíð Gíslason, Erna Sif Arnardóttir, Gunnar Guðmundsson, Michael Clausen, Össur Ingi Emilsson, Hanne Krage Carlsen, Ragnhildur Finnbjörnsdóttir.

Faraldsfræði, svipgerð og afdrif sjúklinga með algengar og sjaldgæfar tegundir nýrnasteina. Viðar Eðvarðsson, Runólfur Pálsson, Ólafur Skúli Indriðason, Vaka Sigurjónsdóttir, Hrafnhildur Linnet, Inger M. Sch. Ágústsdóttir, Loftur Ingi Bjarnason, Margrét Þorsteinsdóttir, Baldur Bragi Sigurðsson, Guðjón Haraldsson, Ólafur Kjartansson.

Fjölskrusertæk baeling á ónæmissvari. Ingileif Jónsdóttir, Hreinn Benónísson, Stefania P. Bjarnarson.

Flogalyf og miðlægur skjaldvakabrestur. Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, Elías Ólafsson, Margrét Jóna Einarsdóttir.

Frumkomið Aldósterónheilkenni á Íslandi 2007-2011. Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, Guðbjörg Jónsdóttir, Jón Guðmundsson, Guðjón Birgisson.

Fýsileiki innleiðingar klínískra leiðbeininga um hjúkrun heilablóðfallssjúklinga í endurhæfingu. Ingibjörg Bjartmarz, Helga Jónsdóttir, Þóra B. Hafsteinsdóttir, Elín B. Hafsteinsdóttir, Guðrún B. Sigurbjörnsdóttir, Sigríður B. Guðmundsdóttir, Guðrún Jónsdóttir.

Fæðingarútkomur kvenna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. Berglind Guðmundsdóttir, Agnes Gísladóttir, Unnur Valdimarsdóttir, Bernard Harlow, Sven Cnattingius, Ragnheiður Bjarnadóttir, Eyrún Jónsdóttir.

Gagnreynd hjúkrun: Þættir sem hafa áhrif. Hrunð Scheving Thorsteinsson, Connie Delaney, Herdís Sveinsdóttir, Jón G. Bernburg.

Gaumstol eftir slag í hægri heilahlí. Helga Jónsdóttir, Marianne Klinke, Haukur Hjaltason, Björn Þorsteinsson, Þóra B. Hafsteinsdóttir, Dan Zahavi.

GDM-rannsókn (= Göngum Dálitið Meira-rannsókn). Reynir Tómas Geirsson, Helga Medek, Hildur Harðardóttir, Sæmundur Guðmundsson, Peter Damm, Ingibjörg Gunnarsdóttir.

Geðheilsa og kortísól meðal krabbameinssjúklinga. Eiríkur Örn Arnarson, Helgi Sigurðsson, Snorri Ingimarsson, Elvar Theódórsson, Ína Marteinsdóttir.

Greining skemmda í erfðaeftir með tvívíðum rafdrætti. Jón Jóhannes Jónsson, Helgi Sigurðsson, Finnþógi Rútur Þormóðsson, Hans Guttormur Þormar, Jórunn Erla Eyfjörð, Sigríður Klara Böðvarsdóttir, Agata Smogorzewska, Peter Holbrook, Óskar Þór Jóhannsson.

Heilsufar þolenda snjóflóðanna í Súðavík og á Flateyri árið 1995. Berglind Guðmundsdóttir, Edda Björk Þórðardóttir, Unnur Anna Valdimarsdóttir, Gunnun Hansdóttir, Heidi S. Resnick, Jillian C. Shipherd, Ágúst Oddsson, Þórunn Finnisdóttir, Ragnhildur Guðmundsdóttir.

Hlutur bólguboðefna og T stýrifrumna í meðferðarvirgni remicade í iktsýki. Björn Rúnar Lúðvíksson, Kristján Steinsson, Björn Guðbjörnsson, Michael Kalos.

Hlutverk non-coding RNAs í eðlilegri og illkynna formgerð brjóstkirtilsins. Þórarinn Guðjónsson, Magnús Karl Magnússon, Kristján Skúli Ásgeirsson, Bjarni Agnarsson.

Hlutverk ósérhæfða ónámiskerfisins og Bláa Lóns efna á sérhæfingu T stýrifrumna. Una Bjarnadóttir, Björn Rúnar Lúðvíksson, Jóna Freysdóttir, Ása Brynjólfsdóttir, Elín Soffía Ólafsdóttir, Michael Kalos.

Hlutverk p63 í umritunarstjórn lungnaþekju. Magnús Karl Magnússon, Þórarinn Guðjónsson, Eiríkur Steingrímsson, Ólafur Baldursson.

Hlutverk PD-1 ferilsins í rauðum úlfum og iktsýki – Áhrif stökkbreytinga í PD-CD1 geninu á tjáningu PD-1 viðtakans og frumstarfsemi. Helga Kristjánsdóttir, Kristján Steinsson, Gerður Gröndal, Kristján Erlendsson, Ingileif Jónsdóttir.

Hryggjar- og mænuáverkar á Íslandi frá 1975 til 2011. Kristinn Sigvaldason, Halldór Jónsson jr., Sigrún Knútsdóttir, Herdís Þórisdóttir, Páll Ingvarsson.

Hvernig ná heilbrigðisstarfsmenn best til kvenna sem eru þolendur ofbeldis í nánum samböndum? Erla Kolbrún Svavarsdóttir, Guðrún Eygló Guðmundsdóttir Brynja Örylgsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Guðbjörg Pálsdóttir.

Innleiðing batamiðaðrar nálgunar í meðferð geðmeina: áhrif á starfsfólk geðdeilda. Jón Friðrik Sigurðsson, Hjalti Einarsson, Daniel Þór Ólafsson, Baldur Heiðar Sigurðsson, Gísli H. Guðjónsson.

Íslenska ofvaxtarhjáttavöðvakvilla verkefnið. Berglind Aðalsteinsdóttir Gunnar Þór Gunnarsson, Barry Maron, Jonathan Seidman, Christine Seidman, Ragnar Danielsen.

Klínísk prófun á nýju storkuprófi, Fiix-PT, til að skammta kúmadin blóðþýnningarlyf. Tvíblinduð framsæ samanburðarrannsókn. Páll Torfi Önundarson, Brynja R. Guðmundsdóttir, Charles W. Francis, Einar Stefán Björnsson, Brynjar Viðarsson, Davíð O. Arnar, Kristín Ása Einarsdóttir, Magnús K. Magnússon, Ólafur Skúli Indriðason, Pétur S. Gunnarsson, Rannveig Einarsdóttir.

Komur á Landspítala vegna umferðarslysa 2003-2011, eðli og umfang áverka. Kristinn Sigvaldason, Brynjólfur Mogensen, Sigurbergur Kárason, Bjarni Árnason, Andri Elfarsson.

Kortlagning á ættlægni mergfrumuæxlis og göðkynja einstofna mótefnahækkunar á Íslandi. Hlíf Steingrímisdóttir, Vilhelmina Haraldsdóttir, Helga Ögmundsdóttir.

Kortlagning MÓSA sýkinga á Norðurlöndunum – Hluti Íslands. Gunnstein Haraldsson, Hjördís Harðardóttir, Ólafur Guðlaugsson, Karl G. Kristinsson, Trond Jacobsen, Frode Gran, Robert L. Skov, Sara Hæggman, Jaana Vuopio-Varkila.

Kynlíf á meðgöngu og eftir fæðingu. Sóley Bender, Edda Sveinsdóttir, Hilda Friðfinnsdóttir.

Langtímaáhrif á raförvun aftaugaðra vöðva. Páll E. Ingvarsson, Þórður Helgason, Sigrún Knútsdóttir, Vilborg Guðmundsdóttir, Stefán Yngvason, Guðbjörg Ludvígsdóttir, Paolo Gargiulo.

Langtímaáhrif hjáveituaðgerða á maga og görnun á beinabúskap karla og kvenna. Gunnar Sigurðsson, Svava Engilbertsdóttir, Dána Óskarsdóttir.

Langvinnur nýrnasjúkdómur af völdum litíum á Íslandi. Runólfur Pálsson, Ólafur Skúli Indriðason, Engilbert Sigurðsson, Matthías Halldórsson, Davíð Arnar Sverrisson.

Leiðir að itrekaðri afbrotahegðun. Þáttur ADHD og vímuefnamisnotkunar. Jón Friðrik Sigurðsson, Gunnun S. Unnsteinsdóttir Kristensen, Gísli H. Guðjónsson, Fanney Þórisdóttir, Baldur Heiðar Sigurðsson, Halldóra Ólafsdóttir, Jónas Haukur Einarsson, Susan Young.

Liðan dagaðgerðasjúklinga eftir svæfingu. Herdís Sveinsdóttir, Guðbjörg S. Ragnarsdóttir, Kolbrún Albertsdóttir, Lára Borg Ásmundsdóttir, María T. Ásgeirsdóttir, Þóris Þorbjörnsdóttir.

Liðan sjúklinga á sjúkrahúsi eftir liðskiptaáðgerð, aðgengi að upplýsingum og ánægja með umönnun. Kolbrún Kristiansen, Árún K. Sigurðardóttir, Brynja Ingadóttir, Kírsi Johanson.

Líffræðileg merki súrefnisálags, bólgusvörunar og taugahrörunar hjá einstaklingum með ómeðhöndlaðan kæfisvefn. Erna Sif Arnardóttir, Þórarinn Gíslason, Kristín Hannesdóttir, Jón G. Snædal, Sólveig Rósa Davíðsdóttir, Annie Arvidsson.

Lífsgæði og liðan kvenna sem gangast undir brottmál brjóst/brjóstá og brjóstauppyggingu í kjölfar krabbameinsgreiningar. Þóris Kjartansdóttir, Regina Ólafsdóttir, Þorvaldur Jónsson, Svanheiður Lóa Rafnsdóttir, Árni Kristjánsson.

Ljáðu mér eyra viðtalsmeðferð á Landspítala – rannsókn á árangri viðtala. Valgerður Lía Sigurðardóttir, Helga Gottfredsdóttir, Ólöf Ásta Ólafsdóttir, Þóra Steingrímisdóttir.

Lyfjadreifing í augntóttarfitu. Haraldur Sigurðsson, Þór Eysteinnsson, Margrét Þorsteinsdóttir, Sighvatur Sævar Árnason, Baldur Bragi Sigurðsson.

Lyfjaskráning hjúkrunarfræðinga í Therapy - Lýsandi rannsókn. Helga Bragadóttir, Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir, Ásta St. Thoroddsen.

Mat á svefn- og öndunartrefnum hjá almennu þýði með stöðluðum aðferðum. Þórarinn Gíslason, Bryndís Benediksdóttir, Davíð Gíslason, Erna

Sif Arnardóttir, Gunnar Guðmundsson, Michael Clausen, Össur Ingi Emilsson, Hanne Krage Carlsen, Ragnhildur Finnbjörnsdóttir.

Matarvenjur og næringarástand sjúklinga með bólgusjúkdóm í meltingarvegi. Einar S. Björnsson, Inga Þórsdóttir, Alfons Ramel, Kjartan Örvar.

Málgeta og tjáskipti hjá sjúklingum með Alzheimerssjúkdóm á byrjunarstigi. Sigríður Magnúsdóttir, Ester Sighvatsdóttir, Jón Snædal, Magnús Jóhannsson.

Meðferð fullorönnu með ADHD í hóp. Jón Friðrik Sigurðsson, Brynjar Emilsson, Gísli Guðjónsson, Susan Young, Halldóra Ólafsdóttir, Gísli Baldursson.

Meðferð offitu barna og unglunga; Þróun fjölskyldumiðaðrar atferlismeðferðar. Ragnar Bjarnason, Anna Sigríður Ólafsdóttir, Urður Njarðvík, Tryggvi Helgason, Ólöf Elsa Björnsdóttir, Þrúður Gunnarsdóttir.

Notkun úthljóðsstraumlindarmyndgerðar til að fylgjast með raförvun aftagaðra vöðva. Þórður Helgason, Guðbjörg Kristín Ludvigsdóttir, Haraldur Auðunsson, Paolo Gargiulo.

Ný nálgun að ökuhæfnismati á Íslandi: Taugasálfræðilegt tölvuforrit Expert System Traffic. Claudia Georgsdóttir.

Nýrnafrumkurrabamein á Íslandi. Tómas Guðbjartsson, Eiríkur Jónsson, Guðmundur Víkar Einarsson, Sverrir Harðarson, Vígdis Pétursdóttir, Elin Mariusdóttir, Helga Björk Pálsdóttir.

Næring ungbarna - Framsæ langtímarannsókn á landsúrtaki. Inga Þórsdóttir, Ingibjörg Gunnarsdóttir, Laufey Steingrímsdóttir, Þórhallur Ingi Halldórsson, Gestur I. Pálsson, Sigurveig P. Sigurðardóttir, Sigurður Júlíus Grétarsson, Kim Fleischer Michelsen, Ása Guðrún Kristjánsdóttir, Ása V. Þórisdóttir, Cindy Mari Imai, Birna Þórisdóttir, Hafdís Helgadóttir, Hrafnhildur Eva Stephensen.

Næringarástand sjúklinga á Landspítala. Tengsl við legutíma, fylgikvilla og kostnað vegna næringarmeðferðar. Ingibjörg Gunnarsdóttir, Kristinn Sigvaldason, Inga Þórsdóttir, Brynja Ingadóttir, Jón Örvar Kristinsson, Páll Helgi Möller, Ari J. Jóhannesson.

Næringarástand sjúklinga með Parkinsonsveiki. Alfons Ramel, Jónína Hólmfríður Hafliðadóttir, Ólöf Guðný Geirsdóttir.

Oxunarálag og oxunarvarnir í æðapeli. Guðmundur Þorgeirsson, Haraldur Halldórsson, Þórarinn Guðjónsson.

Óframkvæmd hjúkrun og teymisvinna (áður: Hjúkrun sem er sleppt og teymisvinna). Helga Bragadóttir, Beatrice Kalisch.

Ónæmisfræðileg áhrif og verkunarmáti efna og útdráttá úr íslenskum plöntum. Jóna Freysdóttir, Arnór Víkingsson, Ingibjörg Harðardóttir.

Perflúróalkil-sambönd: Áhrif á þyngdarstjórnun og mengun tengd fiskneyslu. Þórhallur I. Halldórsson, Alfons Ramel.

Rannsókn á áhrifum nýrra næringardrykkja á næringarástand aldraðra – Blóðmælingar á D-vítamini. Ólöf Guðný Geirsdóttir, Inga Þórsdóttir, Alfons Ramel, Ingunn Þorsteinsdóttir, Pálmi V Jónsson, Kristín Briem.

Regluleg hreyfing á miðjum aldri við þunglyndiseinkenni og hreyfigetu fótleggja meðal aldraðra: 25 ára eftirfylgni. Milan Chang Guðjónsson, Pálmi Jónsson, Vílmundur Guðnason.

Reynsla notkunar natalizumabmeðferðar við multiple sclerosis á Íslandi. Haukur Hjaltason, Dagur Ingi Jónsson, Elías Ólafsson, Sóley Guðrún Þráinsdóttir.

Samtöl um dauða. Bragi Skúlason, Gísli Pálsson, Ásgeir R. Helgason.

Segabrottnám við kransæðastifflu með ST hækkun á Norðurlöndum - TASTE rannsóknin. Þórarinn Guðnason, Kristján Eyjólfsson, Ole Frøbert, Stefan James, Bo Lagerqvist, Göran Olivecrona, Leif Thuesen.

Skortur í virkjunarþáttum lektínferils komplimentvirkjunnar hjá mönnum: algengi á Íslandi og klínísk áhrif. Helga Bjarnadóttir, Margrét Arnardóttir, Björn Rúnar Lúðvíksson, Helgi Valdimarsson, Jens Christian Jensenius.

Slitigtarrannsóknir í Öldrunarrannsókn Hjartaverndar og NIA (AGES-Reykjavík Study). Helgi Jónsson, Guðrún P. Helgadóttir, Michelle Marshall, Leifur Fransson, Agu Tamm, Vílmundur Guðnason, Guðný Eiríksdóttir, Sigurður Sigurðsson, Kristín Siggeirsdóttir, Thor Aspelund, Tamara Harris, Lenore Launer Jeffrey Duryea.

Smáæðablóðflæði í kviðarholslíffærum. Gísli H. Sigurðsson, Luzius Hildebrand, Vladimir Krejci.

Snemm- og síðkomnar sýkingar í bringubeinsskurði eftir opnar hjartaskurðaðgerðir. Tómas Guðbjartsson, Steinn Steingrímsson, Magnús Gottfredsson.

Stöf og starfsumhverfi deildarstjóra á Landspítala. Herdís Sveinsdóttir, Helga Bragadóttir, Katrín Blöndal, Erla Dögg Ragnarsdóttir, Kolbrún Gísladóttir, Elin J. Oddsdóttir.

Súrefnismælingar í augnbotnum. Einar Stefánsson, Sveinn Hákon Harðarson, Ásbjörg Geirsdóttir, Ólöf Birna Ólafsdóttir, Þórunn Scheving Elíasdóttir, Toke Bek.

Tengsl heilarita, hugrænnar færni og líffræðilegra skilmerkja í greiningu Alzheimerssjúkdóms. Jón G. Snædal, Magnús Jóhannsson, María K. Jónsdóttir, Kristinn Johnsen, Vesna Jelic, Gísli Jóhannesson.

Tengsl sjálfsvíga við sjúkdómsgreiningar eftir útskrift af bráðsviði Landspítala. Oddný S. Gunnarsdóttir, Vilhjálmur Rafnsson.

Tengsl vélindabakflæðis að nóttu við öndunarferasjúkdóma og kæfisvefn. Þórarinn Gíslason, Christer Janson, Bryndís Benediksdóttir, Sigurður Júlíusson, Ísleifur Ólafsson.

Uppsetning og samræming á göngugreiningartækjum á Grensá. Guðbjörg Kristín Ludvigsdóttir, Gígja Magnúsdóttir, Grétar Halldórsson, Paolo Gargiulo.

Vakandi og virkur í uppréttri stöðu í öndunarvél. Gísli H. Sigurðsson, Ólöf R. Ámundadóttir, Elizabeth Dean, Þórarinn Sveinsson, Helga Jónsdóttir, Alma Möller, Kristinn Sigvaldason, Brynja Haraldsdóttir, Rannveig J. Jónasdóttir, Hrefna Eyþórsdóttir, Helga Sjöfn Jóhannsdóttir, Ester Gunnsteinsdóttir.

Virðisaukandi vinna hjúkrunarfræðinga á slysa- og bráðasviði. Helga Bragadóttir, Sólrún Rúnarsdóttir, Snjólfur Ólafsson, Helgi Þór Ingason.

Virkir þættir í ósérhæfðri hugrænni atferlismeðferð við kvíða og þunglyndi. Jón Friðrik Sigurðsson, Magnús Blöndahl Sigtryggsson, Paul M. Salkovskis, Engilbert Sigurðsson.

Þáttaka einstaklinga með langvinna lungnateppu og fjölskyldna þeirra í samráði um eflingu heilbrigðis. Helga Jónsdóttir, Alda Gunnarsdóttir, Bryndís S. Halldórsdóttir, Guðrún Hlín Bragadóttir, Ingibjörg K. Stefánsdóttir, Rósa Jónsdóttir, Þorbjörg Sóley Ingadóttir.

Þróun og forþróun fræðsluefnis fyrir unglunga með sykursýki típu I. Ragnar Bjarnason, Brynja Jónsdóttir, Helga Jónsdóttir, Elísabet Konráðsdóttir, Þór Elís Pálsson.

Þróun þrívíddarmælinga við greiningu á sjúkdómum í inneryra: Clinical trial. Paolo Gargiulo, Hannes Petersen, Birna Jónsdóttir, Agnes Czenek.

Öndunarferapækja í trefjavefslungnabólgu. Gunnar Guðmundsson, Magnús Karl Magnússon, Þórarinn Guðjónsson, Helgi Ísaksson.



Ársskýrsla Siðanefndar Landspítala 2012

Siðanefnd Landspítala er þverfagleg nefnd sem starfar á ábyrgð framkvæmdastjórnar spítalans skv. lögum um réttindi sjúklinga og skv. reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr. 286/2008. Nefndin veitir leyfi fyrir framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði, sem gerðar eru á sjúkrahúsinu og vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, sem gerðar eru í samstarfi Landspítala og Háskóla Íslands eða Háskólans á Akureyri. Óheimilt er að framkvæma vísindarannsókn á mönnum nema hún hafi áður hlotið samþykki siðanefndar.

Alls voru haldnir 17 fundir á árinu 2012	
Fjöldi erinda var sem hér segir:	
Nýjar umsóknir	54
Viðbætur/breytingar	26
Fyrirspurnir	125
Samtals	205

Yfirlit yfir fjölda nýrra umsókna s.l. 5 ár.				
2008	2009	2010	2011	2012
93	74	67	64	54

Nýjar umsóknir voru 54 en árið áður voru þær 64. Af nýjum umsóknum voru námsverkefni 23 og 13 meistara og doktorsverkefni. Heilarfjöldi umsókna er talsvert lægri en 2011.

Afgreiðsla umsókna var sem hér segir:	
Samþykkt án athugasemda	2
Samþykkt með athugasemdum og skilyrðum	39
Óskað frekari upplýsinga	6
Hafnað	4
Heyrðu ekki undir nefndina	3

Nefndarmönnum var boðið á ársfund Vísindasiðanefndar þann 17. febrúar 2012 þar sem umfjöllunarefnið lög um vísindarannsóknir. Jón Snædal þáverandi varaformaður gerði grein fyrir starfsemi siðanefndar árið 2011.

Skipunartími siðanefndar rann út í lok september og þá ákvað Kristján Steinsson að láta af formennsku eftir 6 ára starf. Jón Snædal var skipaður sem formaður og var Elísabet Guðmundsdóttir valin varaformaður af nefndinni.

Ný nefnd var skipuð í október og er sem hér segir:

Jón G. Snædal yfirlæknir, formaður, tilnefndur af framkvæmdastjórn
-Magnús Haraldsson læknir, varamaður

Sigrún Reykdal læknir, tilnefndur af lækna ráði
- Inga Sigurrós Þráinsdóttir læknir, varamaður

Elísabet Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði
-Anna Ólafía Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, varamaður

Rúnar Þór Jónsson lögfræðingur, tilnefndur af framkvæmdastjórn
- Oddur Gunnarsson lögfræðingur, varamaður

Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur, tilnefndur fyrir aðrar heilbrigðisstéttir af framkvæmdastjórn
-Ólöf Ámundadóttir sjúkraþjálfari, varamaður

Helgi Sigurðsson yfirlæknir, tilnefndur af Háskóla Íslands
-Pétur Luðvígsson læknir, varamaður

Bryndís Valsdóttir heimspekingur, tilnefnd af landlæknisembættinu
-Rúnar Vilhjálmsson, varamaður.

Samþykkt erindi Siðanefndar Landspítala

Afdrif og horfur sjúklinga með mjaðmarbrot. Sigurbergur Kárason, Gísli H. Sigurðsson, Jóhanna M. Sigurjónsdóttir, Kristófer A. Magnússon, Yngvi Ólafsson, Brynjólfur Mogensen.

Afdrif sjúklinga sem greinast með TIA á bráðmóttöku Landspítala. Albert Páll Sigurðsson, Anna Björnsdóttir, Anna Bryndís Einarsdóttir, Elísabet Benedíks, Hjalti Már Þórisson, Elfa Hrafnkelsdóttir, Martin Ingi Sigurðsson.

Afleiðingar átröskunarsjúkdóma á tannheilsuna. Sigurlaug María Jónsdóttir, Brynja Árnadóttir, Ellen Flosadóttir.

Algengi og alvarleiki þrýstingssára á Landspítala, áhættumat og varnir. Guðbjörg Pálsdóttir, Ásta Thoroddsen, Guðrún Sigurjónsdóttir, Lovísa Baldursdóttir, Herdís Alfreðsdóttir.

Athugun á mælitækinu CARS2 (Childhood Autism Rating Scale 2). Berglind Brynjólfsdóttir, Birta Brynjarsdóttir, Thelma Sif Sævarsdóttir, Páll Magnússon.

Áhrif breytinga á starfsfólki og sjúklinga geðdeilda; breyting á skipulagi geðdeilda og innleiðing batastefnu í meðferð geðraskana. Jón Friðrik Sigurðsson, Hjalti Einarsson, Baldur Heiðar Sigurðsson, Margrét Ófeigsdóttir, Páll Matthíasson, Gísli Guðjónsson.

Árangur lyfjameðferðar við lifrabólgu C. Sigurður Ólafsson, Óttar Bergmann, Már Kristjánsson, Arthúr Löve, Benedikt Friðriksson, Ólöf Víktorsdóttir.

Blóðsýkingar af völdum miðbláæðaleggja á gjörgæsludeildum Landspítala. Alma Möller, Guðrún Jónsdóttir, Þorsteinn Jónsson, Melkorka Víðisdóttir.

Bráð kransæðaheilkenni á Landspítalanum árin 2001-2010. Gestur Þorgeirsson, María Heimisdóttir, Birna Björg Másdóttir, Þórarinn Guðnason.

Brot á miðhandarbeinum, faraldsfræði og árangur meðferðar. Brynjólfur Mogensen, Jóhann Róbertsson, Hildur Einarsdóttir, Auður Sigbergsdóttir, Hildur Baldursdóttir.

Eftirfylgni og árangur klínískra leiðbeininga um velgiuvörn og meðferð ógleði og uppkasta vegna krabbameinslyfja- og

eða geislameðferðar. Þórunn K. Guðmundsdóttir, Eva María Þórhallsdóttir, Þórunn Sævarsdóttir, Sigrún Reykdal.

Eftirgæsla sjúklinga eftir útskrift af gjörgæsludeild: Framsýn Samanburðarrannsókn. Gísli H. Sigurðsson, Rannveig J. Jónasdóttir, Helga Jónsdóttir, Lovisa Baldursdóttir, Ólöf Ragna Ámundadóttir, Kristinn Sigvaldason, Ólöf S. Sigurðardóttir, Gunnhildur Davíðsdóttir.

Fá mæður næga fræðslu og aðstoð við upphaf brjóstgjafar á Landspítalanum. Sveinbjörg Brynjólfssdóttir, Katrín Edda Magnúsdóttir.

Flogalyf og miðlægur skjaldvakabrestur. Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, Elías Ólafsson, Margrét Jóna Einarsdóttir.

Flogbreytingar í heilariti án sögu um flog. Hver var undirliggjandi sjúkdómur? Rannsókn hjá öllum sem fóru í heilarit á Íslandi á 3ja ára tímabili. Elías Ólafsson, Anna Stefánsdóttir.

Forprófun á árangri Áhugahvetjandi samtala('AS) og Hugrænnar atferlismeðferðar (HAM) í hóp á unglíngum með sykursýki. Berglind Brynjólfssdóttir, Urður Njarðvík, Svanhildur Tinna Ólafsdóttir, Elísabet Konráðsdóttir.

Forprófun á endurskoðaðri útgáfu einkennamatstækisins Edmonton Symptom Assessment Scale (ESASr). Halla Grétardóttir, Sigríður Gunnarsdóttir, Nanna Friðriksdóttir.

Fyrstu skráðu lífeðlisfræðileg gildi sjúklinga á bráðadeild Landspítala í Fossvogi. Þorsteinn Jónsson, Guðbjörg Pálsdóttir, Guðrún Selma Steinarsdóttir, Unnur Ágústa Guðmundsdóttir.

Fýsileiki klínískra leiðbeininga umhjúkrun heilablóðfallssjúklinga í endurhæfingu. Helga Jónsdóttir, Ingibjörg Bjartmarz, Þóra B. Hafsteinsdóttir.

Gaumstol eftir slag í hægri heilahveli. Helga Jónsdóttir, Marianne E. Klinke, Haukur Hjaltason.

GDM(Get Diabetics Moving)-Rannsókn. Reynir Tómas Geirsson, Helga Medek, Hildur Harðardóttir Sæmundur Guðmundsson, Peter Damm, Ingibjörg Gunnarsdóttir.

Greining og afdrif sjúklinga með bráða kvíðverki þar sem grunur er um eða staðfest botnlangabólga. Pétur H. Hannesson, Páll Möller, Harpa Pálsdóttir, Bjarki Ívarsson.

Hádegisfundir. Hafdís Guðjónsdóttir, Ingibjörg Margrét Baldursdóttir.

Hvað einkennir dýrustu sjúklingana innan DRG flokka? Kristlaug H. Jónasdóttir verkefnastjóri Arnar Bergþórsson verkefnastjóri.

Jákvæð Coomb's próf hjá nýburum: Orsakir og afleiðingar. Anna Margrét Halldórsdóttir, Þórdís Kristinsdóttir, Sveinn Kjartansson, Hildur Harðardóttir, Þorbjörn Jónsson.

Kynlíf á meðgöngu og eftir fæðingu. Sóley S. Bender, Edda Sveinsdóttir, Hilda Friðfinnsdóttir.

